

Eignir

Eignir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Vakin er athygli á flokkun birgða eftir tegund, aðgreiningu eignarhluta í innlendum og erlendum félögum og aðgreiningu inneigna hjá tengdum aðilum.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

5010 Óefnislegar eignir

Hér skal færa samtölu allra óefnislegra rekstrarfjármuna skv. ársreikningi, sem ekki skal færa annars staðar.

Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Rannsókn- og þróunarkostnaður.
- Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir.
- Leiguréttur.
- Annar stofnkostnaður.
- Viðskiptavild.
- Réttur til nýtingar auðlinda. Hér getur t.d. verið um að ræða keypta aflahlutdeild (langtímakvóti í fiskveiðum).
- Fyrirframgreiðslur fyrir óefnislegar eignir.
- Aðrar óefnislegar eignir.

5022 Fasteignir - Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi

Hér skal færa samtölu allra fasteigna, þ.e. mannvirkja, lóða og fasteignaréttinda samkvæmt ársreikningi. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir.

5027 Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir

Hér skal færa samtölu varanlegra rekstrarfjármuna, samkvæmt ársreikningi, annarra en fasteigna. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir.

Dæmi um eignir sem hér geta fallið undir eru:

- Skip, flugvélar og fylgihlutir.
- Bifreiðar og flutningatæki.
- Vélar og framleiðslutæki.
- Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.
- Fyrirframgreiðslur fyrir rekstrarfjármuni og rekstrarfjármuni í smíðum.
- Listaverk.

5030 Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum), þar með talin hlutabréf, stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum.

Hlutir gjaldanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5035.

5035 Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

5040 Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum). Hlutir gjaldanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5045.

Efnahagur

Óefnislegar eignir	+	5010
Fasteignir – Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi	+	5022
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	+	5027
Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)	+	5030
Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum	+	5035
Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)	+	5040
Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum	+	5045
Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila	* + /	5050
Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar	+	5060
Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar	+	5070
Aðrar kröfur	+	5080
Hráefnisbirgðir	+	5090
Vörur og verk í vinnslu	+	5100
Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)	+	5110
Vörubirgðir (aðrar)	+	5120
Viðskiptakröfur	+	5130
Aðrar skammtimakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	+	5140
Inneign virðisaukaskatts	+	5145
Verðbréf	+	5150
Handbært fé	+	5160
Aðrar eignir	+	5170

5045 Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

5050 Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila

Í þennan reit skal færa samtölu allrar hlutdeildar framteljanda í eigin fé rekstrar, sem rekinn er í samstarfi með öðrum og hefur sjálfstætt bókhald, en ber ekki sjálfstæða skattskyldu. Hér er m.a. um að ræða rekstur hjá sameignarfélagi, sem ekki er sjálfstæður skattaðili sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. skattalaga, samrekstur sem ekki er sjálfstæður skattaðili o.s.frv. Þessi reitur getur tekið +/- gildi. Ef um er að ræða hlutdeild í neikvæðu eigin fé ósjálfstæðra skattaðila, færast upphæðin sem mínustala.

Hluti í eigin fé hlutdeildarfélagi og dótturfélagi færast ekki hér, heldur í reit 5035 *Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélagum* eða reit 5045 *Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélagum*.

5060 Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem ekki eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

5070 Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

5080 Aðrar kröfur

Hér skal færa allar langtímakröfur og áhættufé sem ekki færast í aðra reiti. Með langtímakröfum er hér átt við kröfur sem ekki er búist við að verði greiddar innan eins árs. Áhættufé í þessu sambandi er t.d. lán til aðila sem er að hefja áhættusaman rekstur eða einhvers konar tilraunastarfsemi, eða eignir sem hafa ekki ákveðið öruggt verðgildi.

Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Bundnar innstæður til lengri tíma en eins árs.
- Geymslufé.
- Lánveitingar sem ekki tengjast sölu á vöru/þjónustu.

5090 Hráefnisbirgðir

Í þennan reit skal færa allar hráefnisbirgðir sem notaðar eru til framleiðslu. Efnisbirgðir fyrirtækja í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð teljast með í þessum reit. Ef framteljandi er með eigin framleiðslu og kaupir einnig fullunnar vörur til endursölu, þarf að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem hráefnisbirgðir og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5100 Vörur og verk í vinnslu

Hér skal færa allar birgðir vara og/eða verka í vinnslu, þ.e. sem ólokið er í lok reikningsárs og færast því ekki í reit 5110. Einnig falla hér undir byggingar í smíðum hjá byggingarvyrirtækjum.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5110 Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)

Hér skal færa birgðir fullunninna vara framleiðslufyrirtækja, þ.e. þær vörur sem tilbúnar eru til sölu. Um er að ræða sömu birgðir og færa skal í reit 3015 á 3. síðu framtalsins.

Fyrirtæki, sem stunda framleiðslu eigin vara og kaupa einnig vörur til endursölu, þurfa að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem birgðir fullunninna eigin vara og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

5120 Vörubirgðir (aðrar)

Hér skal færa aðrar vörubirgðir en þær sem koma eiga í reiti 5090, 5100 og 5110. Hér færast því vörubirgðir verslana, sem ætlaðar eru til endursölu, og rekstrarvörubirgðir, s.s. veiðarfæri, olíur, umbúðir, varahlutir o.s.frv. Hér koma því ekki birgðir vara sem framleiddar eru af fyrirtækinu sjálfu (koma í reit 5110).

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

5130 Viðskiptakröfur

Í þennan reit skal færa viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vöru og þjónustu.

5140 Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Hér skal færa aðrar skammtímakröfur, þ.e. kröfur sem innheimtast innan eins árs, og sem ekki ber að færa í reiti 5060, 5070, 5080 eða 5130.

Dæmi um kröfur sem fallið geta hér undir eru:

- Kröfur vegna hvers konar ábyrgða eða lánveitinga.
- Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar fyrirframgreiðslur.
- Skammtímahluti langtímakrafna.
- Ofgreiddir skattar.
- Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum, ef tap er á rekstri og rekstraraðilinn sætir ekki álagningu tekjuskatts.

5145 Inneign virðisaukaskatts

Í þennan reit skal færa inneign virðisaukaskatts í lok reikningsárs. Ógreiddan virðisaukaskatt á hins vegar að færa í reit 6825.

5150 Verðbréf

Í þennan reit skal færa öll verðbréf sem eru til skemmri tíma en eins árs og ekki færast í reit 5160.

5160 Handbært fé

Í þennan reit skal færa allt handbært fé framteljanda í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs.

Hér getur m.a. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Sjóð.
- Óbundnar bankainnstæður.
- Innstæður á ávísanareikningum. Liðurinn handbært fé getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur á ávísanareikningi leiðir til þess að handbært fé verður neikvætt, þá skal hann færður í reit 6840 *Aðrar skammtímaskuldir*.
- Bankainnstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs.
- Auðseljanleg verðbréf, sem ætluð eru til sölu eða innlausnar innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

5170 Aðrar eignir

Hér skal færa aðrar eignir sem ekki falla undir neitt af ofangreindu.

5990 Eignir samtals

Hér ber að færa samtölu eigna í reitum 5010 til 5170. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Eigið fé

Á **RSK 1.04** er eigin fé skipt niður í hlutafé/stofnfé, lögbundinn varasjóð (hlutafélaga) og annað eigið fé.

Skattframtal rekstraraðila **RSK 1.04** er eins fyrir alla, hvort sem framteljandi er einstaklingur í rekstri eða lögaðili. Þess vegna eiga ekki allir reitir eigin fjár við alla framteljendur. Reitir 6010, 6030 og 6390 (um hlutafé/stofnfé, varasjóð og arð) eiga aðeins við hjá lögaðilum en reitir 6360 og 6380 (um úttektir og framlög til rekstrar) eiga aðeins við hjá einstaklingum og sameignarfélögum.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

Óskattlagt eigið fé og fleira

6010 Hlutafé (stofnfé í sameignarfélögum)

Hér skal færa hlutafé í hlutafélögum og stofnfé í sameignarfélögum, eins og það er í ársreikningi.

6030 Lögbundinn varasjóður

Í þennan reit skal færa fjárhæð lögbundins varasjóðs hlutafélaga skv. ársreikningi, sbr. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 75. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

6290 Samtala eiginfjárliða í reitum 6010 og 6030

Hér ber að færa samtölu eiginfjárliðanna í reitum 6010 og 6030. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Hlutafé (stofnfé í sameignarfélögum)	+	6010
Lögbundinn varasjóður	+	6030
Samtala eiginfjárliða í reitum 6010 og 6030	=	6290
		6310

Annað eigið fé

Í þennan kafla færast staða annars eigin fjár við upphaf og lok reikningsárs og allar hreyfingar þess á árinu, sundurliðaðar eins og heiti reita gefa til kynna.

6310 Annað eigið fé í upphafi reikningsárs

Hér skal sýna annað eigið fé, eins og það var í lok síðasta reikningsárs.

6320 Hagnaður/tap

Í þennan reit kemur hagnaður eða tap ársins, samkvæmt niðurstöðu rekstrar í ársreikningi, og skal fjárhæðin vera jöfn fjárhæð í reit 3990.

6330 Reiknað endurgjald

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald (reiknuð laun) í atvinnurekstri, þ.m.t. reiknað endurgjald maka og barna undir 16 ára aldri, og skal fjárhæðin vera jöfn fjárhæð í reit 3080.

6360 Úttekt úr rekstri

Í þennan reit skal færa alla eigin úttekt eiganda, hvort sem hún er í reiðufé, vörum, þjónustu eða á öðru formi.

6380 Framlög til rekstrar

Framlög eiganda til rekstrar, á hvaða formi sem er, skal færa í þennan reit.

6390 Arður (úthlutaður)

Í þennan reit skal færa úthlutaðan arð af hlutafé á árinu.

6410 Aðrar breytingar á eigin fé

Hér skal færa breytingar á eigin fé, aðrar en þær sem eiga að koma fram í reitum 6320 til 6390. Breytingar eigin fjár sem leiða til hækkunar annars eigin fjár færast sem + (plús) fjárhæð en breytingar sem leiða til lækkunar annars eigin fjár færast sem - (mínus) fjárhæð. **Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.**

Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum breytingum á eigin fé stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reit 6410 sem minnst.

Annað eigið fé í upphafi reikningsárs	*	+	6310
Hagnaður/tap	*	+/-	6320
Reiknað endurgjald		+	6330
Úttekt úr rekstri		-	6360
Framlög til rekstrar		+	6380
Arður (úthlutaður)		-	6390
Aðrar breytingar á eigin fé	*	+/-	6410
Annað eigið fé við lok reikningsárs Samtala reita 6310 til 6410	*	=	6590
Eigið fé samtals Samtala reita 6290 og 6590	*	=	6690
Eftirtektur á hlutafé		+	6710

6590 Annað eigið fé við lok reikningsárs

Hér skal færa annað eigið fé við lok reikningsársins. Sú tala sem hér færast á að vera í samræmi við annað eigið fé í upphafi reikningsárs (reitur 6310) að teknu tilliti til fjárhæðanna í reitum 6320 til 6410. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

6690 Eigið fé samtals

Hér skal færa samtölu eigin fjár skv. ársreikningi, þ.e. samtölu reitanna 6290 og 6590. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki. Fjárhæðin í þessum reit flyst síðan óbreytt í reit 7000.

Fjárhæð í þessum reit á að vera jöfn niðurstöðutölu efnahags samkvæmt ársreikningi.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

Skuldir

Skuldir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Vakin er athygli á aðgreiningu innborgana eftir þrepum virðisaukaskatts, aðgreiningu innlendra og erlendra skulda og aðgreiningu skulda við tengda aðila.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

Eigið fé samtals Samtala reita 6290 og 6590	*	=	6690
Eftirlaunaskuldbindingar	+		6710
Tekjuskattsskuldbinding	*	+/-	6720
Erlendar langtímaskuldir	+		6730
Skuldir við tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar	+		6740
Skuldir við tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar	+		6750
Aðrar langtímaskuldir	+		6760
Erlendar skammtímaskuldir	+		6770
Innborganir fyrir afhendingu (25,5% skattþrep)	+		6785
Innborganir fyrir afhendingu (7% skattþrep)	+		6795
Flutt á bls. 5	=		

6710 Eftirlaunaskuldbindingar

Í þennan reit skal færa eftirlaunaskuldbindingar (lífeyrisskuldbindingar) samkvæmt ársreikningi.

Sjá einnig *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

6720 Tekjuskattsskuldbinding

Í þennan reit skal færa tekjuskattsskuldbindingu framteljanda samkvæmt ársreikningi.

Sjá einnig *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

6730 Erlendar langtímaskuldir

Í þennan reit skal færa allar langtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum.

6740 Skuldir við tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar skuldir við tengda aðila, sem ekki eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

Efnahagur frh.

		Flutt
Viðskiptaskuldir	+	6800
Næsta árs afborganir af langtímalánum	+	6810
Ógreiddur virðisaukaskattur	+	6825
Aðrar fyrirframheimtar tekjur	+	6830
Aðrar skammtímaskuldir	+	6840
Skuldir samtals Samtala reita 6710 til 6840	*	=
		6890

6750 Skuldir við tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar skuldir við tengda aðila, sem eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

6760 Aðrar langtímaskuldir

Hér skal færa allar langtímaskuldir sem ekki eru taldar með undir öðrum reitum. Með langtímaskuldum er hér átt við skuldir til lengri tíma en eins árs. Ef hluti annarra langtímaskulda er færður í reit 6810 *Næsta árs afborganir af langtímalánum* þarf að lækka fjárhæð í þessum reit samsvarandi.

6770 Erlendar skammtímaskuldir

Í þennan reit skal færa allar skammtímaskuldir í erlendum gjaldmiðlum.

6785 Innborganir fyrir afhendingu (25,5% skattþrep)

Í þennan reit skal færa allar innborganir fyrir afhendingu (fyrirfram innheimtar tekjur) vegna sölu á vöru og/eða þjónustu eða leigu í 25,5% virðisaukaskattsþrepi í lok reikningsárs. Aðrar tekjur, sem eru fyrirfram innheimtar, skulu færast í reiti 6795 eða 6830. Fjárhæðir færast án virðisaukaskatts.

6795 Innborganir fyrir afhendingu (7% skattþrep)

Í þennan reit skal færa allar innborganir fyrir afhendingu (fyrirfram innheimtar tekjur) vegna sölu á vöru og/eða þjónustu eða leigu í 7% virðisaukaskattsþrepi í lok reikningsárs. Aðrar tekjur, sem eru fyrirfram innheimtar, skulu færast í reiti 6785 eða 6830. Fjárhæðir færast án virðisaukaskatts.

6800 Viðskiptaskuldir

Í þennan reit skal færa allar viðskiptaskuldir sem ekki eru færðar annars staðar, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila.

6810 Næsta árs afborganir af langtímalánum

Í þennan reit skal færa þær afborganir langtímalána sem greiðast skulu innan eins árs (og teljast því hér til skammtímaskulda).

6825 Ógreiddur virðisaukaskattur

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í lok reikningsárs. Inneign virðisaukaskatts á hins vegar að færa í reit 5145.

6830 Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur

Hér skulu koma fyrirframinnheimtar tekjur í lok reikningsárs, sem ekki stafa af virðisaukaskattsskyldri sölu.

6840 Aðrar skammtímaskuldir

Hér skal færa allar skammtímaskuldir, sem ekki eru taldar annars staðar. Með skammtímaskuldum er hér átt við skuldir til skemmri tíma en eins árs. Í reitinn færast skuldir

við innlenda aðila sem hvorki teljast viðskiptaskuldir (sbr. reitur 6800) né teljast til fyrirfram innheimtra tekna.

Hér gæti t.d. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Yfirdráttarlán.
- Afurðalán.
- Ógreidd laun.
- Ógreiddir skattar. Til lækkunar ógreiddum sköttum færast staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, ef gjaldandi mun sæta álagningu tekjuskatts.
- Áætluð opinber gjöld.
- Ógreiddur arður.
- Ýmis áfallinn en ógreiddur kostnaður.

6990 Skuldir samtals

Hér ber að færa samtölu skulda í reitum 6710 til 6840. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.